Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Anna Guðbrandsdóttir Björnsson

Bjarni Benediktsson – Anna Guðbrandsdóttir Björnsson

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-8, Örk 8

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

26. jan. – 1946

Kæri Borgarstjóri Bjarni Benediktsson!

Ég þakka línur mér sendar, svo sem fleirum og veit ég að þér búist ei við svari öðruvísi en að hver sem unnir sjálfstæði geri sína skyldu þó hljóð sé; það sem kemur mér til að skrifa þessar línur er draumur sem mig dreymdi nóttina eftir fyrri útvarpsumræður flokkanna, ég hlustaði auðvitað –

Ég hefi aldrei verið póletisk, sem er kallað og þegar umræður voru fór ég að sofa, mig dreymdi um nóttina að ég var komin inn í stórt herbergi og þar sá ég Thor Jensen standa við borð (ég hefi aldrei í veruleikanum talað við hann, aðeins séð hann á götum bæjarins hann var yngri og hærri vexti, en í raun og veru, í kjólfötum, með hvítt hálslín og hann brosti mjög hlýtt til mín- en sagði ekkert, svo leit ég til hliðar og fjær í stofunni sat frú ~~A~~ Margrét kona hans í stórum hægindastól með prjónana sína, í draumnum mundi ég ei að hún væri dáin, svo sá ég Kjartan Thors útgerðarstjóra ganga snöggvast um í stofunni, ekkert orð var talað, en er ég vaknaði og ég fór að hugsa um drauminn fannst mér hann boða eitthvað gott fyrir sjálfstæðisflokkinn, þvílíkur athafnamaður, sem Thor Jensen hefir ætíð verið; draumur minn var ei lengri og svo kom þessi tala í hug mér er ég var vel vöknuð „9660", ég hefi enga

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

getraun sent til Morgunblaðsins og, veit ég ei hvort þessi tala hefir þýðingu eða ei en ekki hefir hugur minn skrifað töluna fyr síðan fyrr en nú, en ég myndi aðeins fagna, þó hún yrði hærri –

Nú skrifa ég þessar línur eins og ég væri að skrifa góðvini þó við höfum aldrei talast við, en það skiftir ei máli

Viljið þér skila bestu kveðju til Benedikts föður yðar frá mér.

Vinsamlegast

Anna Guðbrd. Björnsson
Hverfisg 14

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur